

Grafík ekki ný listgrein á Íslandi



Grafikmyndir eftir Braga Ásgeirsson, listmálara. Bragi er einn þeirra sem mest hefur unnið í grafík og auk þess hefur hann kennt mörgum hinna yngri grafíklistamanna.

„Þetta er yfirlitssýning á íslenskri grafík frá upphafi og sú fyrsta sinnar tegundar hérlendis" sagði Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, sem Vísir hitti í stuttri heimsókn á grafíksýninguna að Kjarvalsstöðum fyrir skömmu. „Hún sýnir svart á hvítu, að grafíkhefð er til á Íslandi" hélt Aðalsteinn áfram. „Það kemur í ljós að margir listamenn fengust við grafík fyrr á árum þótt fáir vissu um, til dæmis Jóhannes Kjarval og Gunnlaugur Scheving. Þó var það grafíkliststarfaði lítið í fyrstu, en keypti þó litógrafíupressu og marga litógrafíusteina sem fluttir voru inn sem legsteinar. Árið 1969 setti Einar Hákonarson upp koparætingarverkstæði í Myndlista- og handíðaskólanum og endurreisti grafíkfélagið, sem þá hafði legið dautt um árabil. Síðan hefur það haldið og haft forgöngu um margar grafíksýningar.



Þessar myndir eru eftir Ragnheiði Jónsdóttur. Ferhyrndu formin í myndunum eru einskonar skopeftirlíkingar af lofti sýningarsalarins að Kjarvalsstöðum. Ljósm. Jens

Tækifæri til að kynnast vinnubrögðum grafíklistamanna

Á sýningunni að Kjarvalsstöðum eru verk eftir 40 listamenn en af þeim hafa Jón Engilberts, Barbara Árnason og Bragi Ásgeirsson unnið mest í grafík. Bragi hefur auk þess kennt mörgum hinna yngri grafíklistamanna.

Grafískum aðferðum er skipt í fjóra flokka, háþrykk, djúpþrykk, flatþrykk og skapalónsþrykk. Háþrykk byggist á því að þeir fletir, sem svertan eða liturinn er borin á, eru upphækkaðir fyrir ofan niðurskorinn botn. Þeir hlutar myndarinnar, sem eru hvítir, samsvara niðurskornum flötum í þrykkplötunni. Algengustu háþrykksaðferðir eru trérista, dúkrista og tréstunga.

Í djúpþrykki eru línur eða fletir, sem hafa verið ristir eða ætt með sýru í málmplötu fylltir með lit, sem síðan er þrykkt á pappír í þrykkrpessu Algengustu djúpþrykksaðferðirnar eru koparstunga, þurrnál, messotinta og akvatintuæting. Sú síðastnefnda byggist á því, að annaðhvort eru línur eða fletir ristir beint í málminn eða sýra er látin vinna á honum


Flatþrykk skilur sig frá fyrrnefndum aðferðum á þann hátt, að ekki er um neinn hæðarmun að ræða á þrykkplötunni. Þeir fletir og línur, sem taka við svertunni, liggja á sama grunni og þeir sem ekki taka við lit.

Skapalónsþrykk byggist á því, að lit er þrýst í gegnum opna fleti á svonefndu skapalóni, sem hefur verið fest á fótógrafiskan hátt á þéttofinn vef úr silki, monyl eða nyloni. Á sýningunni gefst tækifæri til að kynna sér örlítið vinnubrögð við gerð grafíkmynda.

Grafíksýningin stendur til 20. júní og er opin daglega frá kl. 14.00 til 22.00.

-AHO

SKÝJABORGIR OG LOFTKASTALAR Á KJARVALSSTÖÐUM



Valdís Bjarnadóttir gerði þetta líkan af hóteli meðan hún var við nám. Í því eru margir ranghalar sem tengjast landslaginu mjög. Ljósm. Jens

„Tilgangurinn með þessari sýningu Arkitektafélagsins er að kynna almenningi hugmyndir, sem aldrei hafa verið framkvæmdar", sagði Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, er Vísir fékk hann til að segja örlítið frá sýningu Arkitektafélags Íslands — Skýjaborgir og loftkastalar.

„Hér má sjá líkön og teikningar af mannvirkjum, sem aldrei hafa verið reist, sum því miður, önnur sem betur fer" hélt Aðalsteinn áfram. „Mikið af þessu eru skólaverkefni arkitektanna, sem ekki eru öll miðuð við íslenskar aðstæður. Það á til dæmis líklega við um þetta hótel" sagði hann og benti á líkan af hóteli eftir Valdísi Bjarnadóttur. „Í því eru margir rangalar sem eins og vefja sig inn og út úr landslaginu".


Frumhugmynd að kirkju á Skólavörðuholti

Aðalsteinn sýndi okkur einnig teikningu Guðjóns Samúelssonar af byggingum á Skólavörðuholtinu. „Þarna kemur fyrst fram hugmynd Guðjóns að kirkju á holtinu, en hún er þó talsvert ólík þeirri sem nú er risin. Guðjón hefur upphaflega viljað láta byggja kirkju í háklassiskum stíl en síðar fallið frá þeirri hugmynd og teiknað aðra í gotneskum stíl".

Einn þátttakenda í sýningunni hefur talið ástæðu til að endurbæta útlit Hallgrímskirkju og hengt utan á líkan af henni litla marghliðunga. „Þetta eru íbúðir" útskýrði Aðalsteinn. „Einar Þorsteinn Ásgeirsson gerði þetta líkan og byggði það á hugmyndum Buckminster Fuller. Íbúðirnar eru samsettar úr þríhyrningslaga einingum. Bygging þeirra, sem líkja má við byggingu mólikúla, er mjög sterk og þolir öll veður".

Veitingastaður á Öskjuhlíð


Á sýningunni er einnig að finna líkan af veitingastað og vatnsgeymum á Öskjuhlíð, eftir þá Sigurð Guðmundsson og Sigurð Thoroddsen. Ætlunin var að byggja þennan veitingastað á sínum tíma, en framkvæmdir runnu út í sandinn vegna fjárskorts. Þá eru sýndar nokkrar hugmyndir arkitekta að skipulagi ýmissa borgarhluta, svo sem miðbæjarins, grjótaþorpsins o.fl.



Utan á líkan af Hallgrímskirkju hefur Einar Þorsteinn Ásgeirsson hengt nokkrar íbúðir. Þær eru samsettar úr þríhyrningslaga einingum og bygging þeirra er mjög sterk.

„Ef til vill gæti þessi sýning orðið til þess að forða góðum hugmyndum frá gleymsku og reka á eftir því, að þær verði gerðar að veruleika" sagði Aðalsteinn Ingólfsson að lokum.

—AHO.



Líkan af veitingastað og vatnsgeymum á Öskjuhlíð. Ætlunin var að byggja veitingastaðinn en ekkert varð úr framkvæmdum sökum fjárskorts.